

# Leiðbeiningar



**ORKUSTOFNUN**

**Viðbótarrekstrarkostnaður, viðbótararðsemi og leiga flutnings-og dreifivirkja**

**10.03.2017**

Tilvísun: **OS2017010061**

## **Almennt**

Þegar rekstrarkostnaðarþáttur tekjumarka er reiknaður er tekið tillit til meðaltals raunverulegs rekstrarkostnaðar á liðnu tekjumarkatímabili. Sömu forsöguár hafa legið til grundvallar fyrir tekjumörk allra eftirlitsskyldra aðila sem fást við dreifingu og flutning á raforku. Þannig mynduðu árin 2005-2009 grunn fyrir tekjumarkatímabilið 2011-2015, og árin 2010 til 2014 grunn fyrir tekjumarkatímabilið 2016-2020.

Heimilt er að færa ákveðinn viðbótarrekstrarkostnað við uppgjör hvers árs, sbr. 12. og 17. gr. raforkulaganna. Viðbótarrekstrarkostnaður er heimilaður vegna áhrifa nýrra stórra fjárfestinga á rekstrarkostnað eftirlitsskyldra aðila, eða vegna leigukostnaðar, sé hann ekki nú þegar tekið tillitið til leigukostnaðar í settum rekstrarkostnaði.

## **A. Viðbótarrekstrarkostnaður vegna nýrra fjárfestinga.**

Við uppgjör tekjumarka reiknar Orkustofnun viðbótarrekstrarkostnað, þ.e. þá upphæð sem er bætt við settan rekstrarkostnað við uppgjör tekjumarka, sem og upphæðina sem kemur til hækkunar á sögulegum rekstrarkostnaði við setningu tekjumarka.

1. Hækkun vegna yfirstandandi árs: Viðbótarrekstrarkostnaður miðast við 2,0% af bókfærðu virði spennusettra nýrra fjárfestingaá tilteknu ári. Við uppgjör hvers árs er nýjum fjárfestingum sem spennusettur hafa verið á viðkomandi ári bætt við uppgjör frá þeim mánuði sem þær voru spennusettar, þar sem tekið er tillit til vísitölu neysliverðs í viðkomandi mánuði.
2. Hækkun vegna sögulegs rekstarkostnaðar: Viðbótarrekstrarkostnaði, eins og hann er metinn, er bætt við þau forsöguár sem liggja til grundvallar fyrir þau ár þar sem eignin hafði ekki verið í notkun, til þess að fá rekstur eignarinnar metinn inn að fullu í sögulega grunninn. Viðbótarrekstrarkostnaði er því bætt við sögulegan rekstrarkostnað þeirra ára til að endurspegla þá eðlilegu rekstrarkostnaðaraukningu sem fellur til vegna stækkandi flutnings-eða dreifikerfis. Hér er miðað við 2,0% af fjárfestingu frá og með árinu 2015, en annars við 1,2% , sem og mánuð og vísitölu neysliverðs þegar viðkomandi fjárfesting er spennuset.
3. Hækkun vegna viðbótararðsemi: Að uppfylltum skilyrðum í B. lið, skal reikna arðsemi, innan árs, af bókfærðu virði stórra fjárfestinga, frá þeim tíma sem þær hafa verið teknar í notkun.

## **B. Skilyrði**

Til þess að flutningsfyrirtæki eða dreifiveita fái viðbót við rekstrarkostnað á tímabilinu vegna nýrra fjárfestinga sem og arðsemi af eigninni á miðju ári, þarf eignin að uppfylla skilyrði 1-3. hér að neðan:

1. a) Dreifiveitur: Ný stór fjárfesting er mannvirki sem er hluti af dreifikerfinu, samþykkt af Orkustofnun til úrreiknings á viðbótarrekstrarkostnaði.

- b) Flutningsfyrirtæki: Ný stór fjárfesting tilheyrir framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar sem hlotið hefur samþykki Orkustofnunar eða fjárfestingu sem Orkustofnun hefur gefið út leyfi fyrir.
2. Dreifiveitur og flutningsfyrirtæki: Framkvæmd leiðir til aukins rekstrarkostnaðar. Viðhaldsverkefni falla ekki hér undir.
3. Stórar nýjar fjárfestingar sbr. 2. másl. 1. tölul. 3. mgr. 12. og 17. gr. raforkulaga nr. 65/2003: Dreifiveitur og flutningsfyrirtæki: Fjárhæð fjárfestingar nemi a.m.k. 10% af heildarafskriftum dreifiveitunnar eða flutningsfyrirtækisins það ár sem hún er tekin í notkun.
- Undantekning: Ekki er heimilt að taka tillit til fjárfestingar undir 20 m.kr., þó að sú upphæð sé 10% af afskriftum, hins vegar má taka tillit til 230 m.kr fjárfestingar þó að sú fjárhæð nái því ekki að vera 10% af afskriftum viðkomandi fyrirtækis. Framangreind viðmið, 20 m.kr. og 230 m.kr. miðast við grunnvísitölu í maí 2015 (námunnað upp að næstu heilu milljón), en þau breytast ár frá ári, m.t.t. meðalvísitölu hvers uppgjörsárs.

### C. Reglur eftir að skilyrði hafa verið uppfyllt

Eftirfarandi reglur (1. og 2.) gilda um hvernig fjárfesting er bókfærð uppfylli hún skilyrði 1. – 3. í B:

1. Dreifiveitur og flutningsfyrirtæki - Lúkning: Stærri hluti fjárfestingar skal alltaf bókfærður þegar flutnings- eða dreifivirki eru tekin í notkun. Ekki er tekið tillit til lúkningar ef meira en 2 ár eru liðin frá spennusetningu. Ef lúkning er bókfærð sérstaklega skal tilgreina með skýrum hætti hvaða fjárfestingu hún tilheyrir.
2. Dreifiveitur og flutningsfyrirtæki: Fjárfesting ber viðbótarrekstrarkostnað og viðbótararðsemi frá þeim degi sem hún skilar viðkomandi fyrirtæki tekjum, eða frá fyrsta degi þess mánaðar sem hún er spennuset. Telji dreifiveita eða flutningsfyrirtæki að önnur viðmið eigi að gilda um einstakar fjárfestingar, skal senda skriflega rökstudda beiðni þess efnis til Orkustofnunar.

### D. Gögn sem dreifiveitur og flutningsfyrirtæki þurfa að skilja til Orkustofnunar

Sérleyfisfyrirtækin skulu skila til Orkustofnunnar, fyrir 1. mars ár hvert, umsókn í formi yfirlits yfir spennusettar fjárfestingar sem óskað er eftir að metnar verði til viðbótarrekstrarkostnaðar það árið, ásamt viðbótargögnum eftir því sem við á. Einnig skal fylla út í þar til gert skjal Orkustofnunar um viðbótar rekstrarkostnað vegna viðkomandi fjárfestinga. Sé staðfest að nauðsynleg gögn liggja fyrir, að fjárfesting uppfylli skilyrði í B. og C. leiðir viðkomandi fjárfesting til viðbótarrekstarkostnaðar út tekjumarkatímabilið.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma fram:

1. Staðsetning fjárfestingar
2. Heiti fjárfestingar
3. Auðkenni fjárfestingar (bókhaldslykill eða slíkt)
4. Tegund fjárfestingar
5. Ástæða/andlag fjárfestingar
6. Upphæð/kostnaður vegna fjárfestingar
7. Dagsetning spennusetningar
8. Flokkur (ef við á), dreifiveita/stóriðja, þéttbýli/dreifbýli
9. Staða verkefnis. Áætluð dagsetning verkloka ef hún er önnur en dagsetning spennusetningar

Bæði flutningsfyrirtæki og dreifiveitur skulu fylla út þar til gert excel skal og senda það ásamt þeim fylgiskjölum sem fyrirtækin telja nauðsynleg til Orkustofnunar ásamt bókhaldsgögnum þegar þeim er skilað.

Telji flutningsfyrirtækið að nauðsynlegur rökstuðningur komi nú þegar fram í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar (eða útgefnu leyfi) sem hefur verið samþykkt, er heimilt að vísa í framkvæmdaáætlun kerfisáætlun eða viðkomandi leyfi.

Orkustofnun áskilur sér rétt til að hafna því að reikna viðbótarrekstrarkostnað vegna fjárfestinga ef gögn eru ekki fullnægjandi eða berast of seint.

#### **E. Viðbótararðsemi**

Arðsemi reiknast vegna nýrra stórra fjárfestinga frá spennusetningardegi það ár sem þær eru teknar í notkun falli þær undir öll skilyrðin í liðum B, C og D. Telji dreifiveita eða flutningsfyrirtæki að önnur viðmið eigi að gilda um einstakar fjárfestingar, skal senda skriflega rökstudda beiðni þess efnis til Orkustofnunar.

#### **F. Leigukostnaður**

Heimilt er að færa leigukostnað vegna starfsemi sem sannanlega tilheyrir reglulegum rekstri flutningsfyrirtækis eða dreifiveitu sem viðbótarrekstrarkostnað í uppgjöri hvers árs. Skilyrði fyrir slíkum viðbótarkostnaði er að leigukostnaðurinn sé ekki hluti af þeim rekstrargrunni sem ákvarðar settan rekstrarkostnað og er nauðsynlegt að sýna fram á það með tilheyrandi gögnum. **Einnig skal skila til Orkustofnunar afriti af viðkomandi leigusamningi/um.**

#### **G. Tekjumarkatímabilið 2016 – 2020**

Orkustofnun hóf vinnu við meta stórar fjárfestingar inn í tekjuramma dreifiveitna eftir að búið var að setja tekjumörk fyrir tímabilið 2016-2020. Sögulegur viðbótarrekstrarkostnaður dreifiveitnanna mun því bætast við *uppgjör dreifiveitnanna* frá og með *uppgjöri tekjumarka 2016*. Varðandi flutningsfyrirtækið hefur það tíðkast lengur að taka tillit til stórra fjárfestinga þar sem miðað var við leyfisskyldar fjárfestingar og svo framkvæmdir á framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar. Því hefur sögulegur viðbótarrekstrarkostnaður verið hluti af settum rekstrarkostnaði flutningsfyrirtækisins. Við næstu setningu tekjumarka gerir Orkustofnun ráð fyrir að samræma þetta.

*Skilafrestur gagna vegna stórra nýrra fjárfestinga og/eða leigu er 1.mars hvers árs.*

Þessar leiðbeiningar gilda frá 1.4.2017.